

## Skólaráð 7. mars 2019

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Örn Guðmundsson fulltrúi foreldra, Sif Garðarsdóttir og Helga Ágústsdóttir fulltrúar kennara og Kristín B. Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Forföll boðuðu Sigríður Þrúður og Guðrún Sveinbjörnsd.

Ritari er Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri

### 1. Skóladagatal 2019 – 2020

- sex skipulagsdagar að hausti og tveir að vori, fimm yfir skólaárið
- skertir dagar líkt og fyrri ár, svo sem þemadagar, öskudagur, jólaskeppanir o.fl. (sjá dagatal)
- vetrarfrí verða tvö á skólaárinu
- frístund opnar viku fyrr fyrir 1. bekkinga

Skólaráð samþykkir skóladagatal án athugasemda.

### 2. Niðurstöður viðhorfskannana vegna vetrarfría

Könnunin var lögð fyrir í 9 grunnskólum Kópavogsbæjar og niðurstöður átta þeirra skóla eru samhljóma á þá leið að foreldrar vilja áfram hafa tvö tveggja daga vetrarleyfi.

### 3. Rekstraruppgjör 2018

Lagt fyrir skólaráð – rekstraruppgjör fyrir árið 2018. Starfsmannakostnaður er stærsti útgjaldaliðurinn og fór fram úr áætlun á síðasta ári en þegar búið var að taka tillit til skýringa s.s. langtímaveikinda og annarra þátta þá var lokauppgjórið fyrir 2018 aðeins rétt yfir núlli.

### 4. Staða byggingaframtækna

Vikulegir hönnunarfundir þar sem unnið er að forhönnun. Hönnunarstjóri er Jón Ólafur hjá Batteríinu og unnið er í samstarfi við Mannvit og Landslag.

Búið er að gera rýmisáætlun.

Myndir af fyrstu drögum sýndar og ræddar.

- Umræður um íþróttahús, stærð á því sem fyrir er og hversu takmarkandi hún er fyrir skólastarfið.
- Umræður um takmörkuð bílastæði við skólann.
- Rætt um umhverfsvottun nýs húsnæðis og möguleika sem hafa verið ræddir s.s. BREEAM og Svansvottun. Skólaráð lýsir yfir áhuga á að farið verði áfram í að skoða þessa leið.

#### 5. Endurmenntunarferð kennara

Ferð til Orlando í Florida þar sem Freedom High school og Freedom Middle school voru skoðaðir. Fengum kynningu á skólakerfinu í fylkinu og að fylgjast með í kennslustundum. Við fórum til að skoða tækni í skólastarfi sérstaklega, en þeir eru ekki komnir lengra á veg en við en tækjabúnaður er annars konar hjá þeim. Sáum ýmislegt til að læra af, og ekki síst lærðu starfsmenn hvað þeir eru að gera góða hluti hér í Kársnesskóla.

#### 6. Heimsmarkmiðin og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Kópavogsbær ætlar að vinna með 14 heimsmarkmið og nú eru stofnanir bæjarins að máta sig inn í þau og skoða hvar þær standa og hvernig þær ætla að vinna með markmiðin í framhaldinu.

Nemendur á miðstigi og elsta stigi eru byrjaðir að kynna sér og vinna með heimsmarkmiðin, sem er hluti af því að kynna þeim þau. Starfsfólk á síðan eftir að kortleggja nákvæmlega hvaða markmið er verið að vinna með nú þegar, og hvernig, auk þess að setja niður áherslur sem á að taka fyrir.

Samhliða á að vinna með Barnasáttmálann.

#### 7. Önnur mál

- Skákkennsla, skákkennari kemur í frístund og kennir nemendum þar og við ætlum að halda áfram með það. Vonir standa til að koma skákkennslu inn í skólann, en á eftir að finna leiðir að því.
- Góðgerðardagur/vorhátíð foreldrafélagsins er áætluð 4. júní og hún verður með svipuðu sniði og á síðasta ári en fleiri nemendur verða virkjaðir til undirbúnings í ár. Samvinnuverkefni

nemenda, starfsfólks og foreldra. Sölubásar með verkum nemenda og veitingum, þrautir og skemmtiatriði. Skólaráð lýsti yfir ánægju með það samstarfsverkefni.

- Öryggismál í húsnæði á Vallargerðisvelli. Myndvélar eru komnar upp og hafa komið að góðu gagni.

Fundarritari var Sigrún Valdimarsdóttir, aðstoðarskólastjóri